Fundargerð 27.10.26

Fisksjúkdómanefnd

Skipulag:

Fundarboðandi:	Þóra J. Jónasdóttir	*Fundarstaður:*	Teams
Fundarstjóri:	Þóra J. Jónasdóttir	*Dagsetning:*	27. október 2026
Fundarritari:	Þóra J. Jónasdóttir	*Fundartími:*	14.00-15.35

Fjarverandi:

Þátttakendur: Þóra J. Jónasdóttir (yfirdýralæknir og formaður Fisksjúkdómanefndar), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafrannsóknarstofnunar), Rakel Guðmundsdóttir (f.h. Hafrannsóknarstofnunar), og f.h. Matvælastofnunar Jón Kolbeinn Jónsson og Hulda Soffía Jónasdóttir (sérgreinadýralæknar/sérfræðingur fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun).

Dagskrá:

Umsóknir frá DNV um lyfjameðhöndlun vegna mikillar laxa- og fiskilúsar á eldisseiðum og eldisfisk á eldissvæðum Arnarlax við Hringsdal í Arnarfirði og Laugardal í Tálknafirði, Vestfjörðum

Umræða:

Dýralæknir DNV kynnti bakgrunn fyrir að sótt er um leyfi til að meðhöndla kvíarnar við Hringsdal með Salmosan vet og kvíarnar í Laugardal með Alpha Max. Lyfjameðhöndlun tekur mið af að fækka laxa- og fiskilús sem fer fjölgandi. FLS meðhöndlun hefur verið í gangi í Laugardal, en lág súrefnismettun er í firðinum og fiskurinn er viðkvæmur vegna hjarta- og vöðvabólgu svo líklegt er að FLS meðhöndlun myndi valda háum afföllum á fiskinum. Mikilvægt er að hindra skaða á hreistur eldisfisksins vegna lúsarinnar áður en veturinn gengur í garð. Í Hringsdal er fiskur að nálgast sláturþyngd og er slátrun hafin. Afkastageta takmarkar þó að eingöngu sé hægt að nýta slátrun til fækkunar lúsa.

Fisksjúkdómanefnd telur mikilvægt að bregðast sem fyrst við vaxandi lúsatölum í fiskeldinu á þessum árstíma. Nefndin vill þó ítreka mikilvægi þess að rekstraraðilar tryggi samræmdar aðgerðir á eldissvæðum og hafi ávallt fullreynt önnur þekkt úrræði til aflúsunar áður en til lyfjameðhöndlunar kemur. Huga þarf að slátrun tímanlega ef þess er þörf í vor ef lúsatala fer hækkandi.

Fisksjúkdómanefnd áréttar almennt mikilvægi þess að rekstrarleyfishafar leggi fram heildstæða áætlun fyrir hvert starfsár um varnir gegn sníkjudýrum í fiskeldi með eins umhverfisvænum og sjálfbærum hætti og nokkur kostur er á. Samþykktum viðbragðsáætlunum sé framfylgt og þær uppfærðar ef þörf krefur með hliðsjón af reynslu og aðstæðum á hverju eldissvæði.

Niðurstaða:

Í ljósi stöðunnar veitir Fisksjúkdómanefnd jákvæða umsögn um að lyfjameðhöndlun í allar kvíar samkvæmt umsókn sé heimiluð, þar sem það er talið nauðsynlegt á umrædd svæði.

Fisksjúkdómanefnd hvetur Matvælastofnun sem fyrr að fylgja því eftir að rekstaraðilar hafi sannanlega gripið til allra ráðstafana til að lágmarka notkun lyfja við aflúsun eldisfiska.

Nefndin leggur áherslu á tímanlegar og samræmdar aðgerðir sem draga úr lúsasmiti, þörf fyrir lyfjameðhöndlun og neikvæðum umhverfisáhrifum, með hliðsjón af heilbrigði og velferð eldisfisks og umhverfis. Nefndin hvetur Matvælastofnun til að fylgja eftir framkvæmd áætlananna og nauðsynlegum úrbótum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi var slitið kl 15.35